

Upplýsingar úr uppgjöri

Ársreikningur 2025



Góð afkoma á krefjandi rekstrarári

- **Hagnaður af grunnrekstri Landsvirkjunar á síðasta ári nam 287 milljónum bandaríkjadala eða sem nemur tæplega 36 milljörðum króna.**
- **Fjárhagur fyrirtækisins er áfram sterkur, eiginfjárhlutfall 64,5% og skuldsetning 1,7-faldur rekstrarhagnaður fyrir afskriftir.**
- **Stjórn leggur til greiðslu 165 milljóna bandaríkjadala arðs í ríkissjóð.**

Hörður Arnarson
Forstjóri



Rekstur Landsvirkjunar gekk vel á árinu 2025 og endurspeglaði traustan grunn og sterka fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Þótt aðstæður hafi verið krefjandi á köflum var afkoman góð, sem sýnir að kjarnastarfsemin stendur styrkum fótum. Vatnsbúskapur var óvenjulegur og sveiflukenndur; í upphafi árs voru erfiðar aðstæður eftir langvarandi þurrka, en staðan batnaði verulega þegar leið á árið og í árslok var staðan í lónum Landsvirkjunar orðin mjög góð.

Mikið reyndi á rekstur aflstöðva á árinu, ekki síst vegna bilana og krefjandi aðstæðna á þjósársvæðinu. Starfsfólk Landsvirkjunar sýndi í verki þá fagmennsku og ábyrgð sem þarf til að tryggja vinnslu raforku í einangruðu orkukerfi, þar sem við höfum lítið svigrúm til mistaka. Reksturinn stóðst álagið og allar skuldbindingar voru uppfylltar.

Á árinu 2025 var einnig stigið mikilvægt skref inn í framkvæmdatímabil sem verður eitt það umfangsmesta í sögu fyrirtækisins. Framkvæmdir við Vaðölduver gengu vel, undirbúningsframkvæmdir við Hvammsvirkjun héldu áfram og á næstu mánuðum hefjast framkvæmdir vegna stækkunar Sigölduvirkjunar og Þeistareykjavirkjunar.

Fjárhagsleg staða Landsvirkjunar er sterk og gefur fyrirtækinu bolmagn til að ráðast í þær framkvæmdir sem mikilvægar eru til að mæta vaxandi orkuþörf atvinnulífsins, styðja við orkuskipti og stuðla að orkuöryggi til framtíðar. Stjórn félagsins fyrirhugar að gera tillögu á aðalfundi um arðgreiðslu til eigenda að fjárhæð 165 milljónir bandaríkjadala. Arðgreiðslur fyrirtækisins eru reiknaðar í bandaríkjadöllum og geta því tekið breytingum eftir gengi en miðað við núverandi gengi nemur greiðslan um 20 milljörðum króna. Þá er stjórnin einnig með til skoðunar að leggja til sérstaka arðgreiðslu fyrir aðalfund í apríl.

Lykiltölur

Selt magn

13,9 TWst ↓ 2%

Rekstrartekjur

608 m. USD ↑ 8%

Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði

287 m. USD ↓ 5%

Handbært fé frá rekstri


279 m. USD ↑ 3%

Nettó skuldir

677 m. USD ↑ 1%

Eiginfjárhlutfall

64,5% ↓ 1,8 prst.




Rekstur

Milljónir USD	F4 2025	F4 2024	%	2025	2024	%
Rekstrartekjur	163,0	146,9	11%	607,5	560,9	8%
EBITDA	109,8	119,1	-8%	401,1	410,3	-2%
Hagnaður fyrir óinnl. fj.	76,4	92,2	-17%	286,9	300,6	-5%
Raforkusala (TWst)	3,5	3,7	-4%	13,9	14,1	-2%

Tekjur Landsvirkjunar námu 608 m. USD á árinu og hækkuðu um 8% frá fyrra ári. Hærra álverð á alþjóðamörkuðum skilaði sér í auknum tekjum í gegnum álverðstengda raforkusamninga og metsala náðist í upprunaábyrgðum.

Kostnaður hækkar m.a. vegna hækkunar á flutningsgjöldum raforku og sektar Samkeppniseftirlitsins.


Hagnaður af grunnrekstri nam 287 m. USD og lækkaði um 5% á milli ára þrátt fyrir hærri tekjur. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 401 m. USD.



Efnahagur

Milljónir USD	31.12. 2025	31.12. 2024	%
Eignir samtals	3.583,8	3.477,9	3%
Skuldir samtals	1.272,8	1.174,1	8%
Nettó skuldir	676,8	666,9	1%
Eiginfjárlutfall	64,5%	66,2%	-1,8 prst.

Landsvirkjun er í sögulega sterkri fjárhagsstöðu á þeim tímapunkti sem fyrirtækið ræðst í umfangsmesta framkvæmdatímabil í sinni sögu. Nettó skuldir hækkuðu lítillega og nema 677 m. USD, en eru áfram meðal þeirra lægstu í sögu fyrirtækisins. Undirstöðurnar eru sterkar og fyrirtækið vel í stakk búið til að takast á við byggingu Vaðölduvers og Hvammsvirkjunar, auk stækkunar Sigöldustöðvar og Þeistareykjastöðvar.



Sjóðstreymi

Milljónir USD	F4 2025	F4 2024	%	2025	2024	%
Veltufé frá rekstri (FFO)	108,4	116,3	-7%	381,5	396,7	-4%
Handbært fé frá rekstri	86,6	43,7	98%	279,1	270,1	3%
Fjárfestingar	28,6	4,6	523%	77,7	26,1	198%
Fjármögnun	90,9	111,9	-19%	229,7	249,5	-8%

Handbært fé frá rekstri nam 279 m. USD á árinu, sem er 3% aukning frá fyrra ári og endurspeglar sterkan grunn í kjarnarekstrinum. Arðgreiðsla til ríkissjóðs nam 195 m. USD. Handbært fé í árslok var 56 m. USD auk 125 m. USD í óáðregnum lánaðinum, og nemur tiltækt lausafé því 181 m. USD.

